

Skagafjörður.
35. fundur – sveitarstjórnar
haldinn að Sæmundargötu 7a, miðvikudaginn 12. febrúar 2025
og hófst hann kl. 16:15

Fundinn sátu:

Einar Eðvald Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Gísli Sigurðsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðlaugur Skúlason, Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Baldur Hrafn Björnsson.

Fundargerð ritaði: Baldur Hrafn Björnsson, Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Í upphafi fundar fór forseti þess á leit við fundarmenn að mál 2502103 - Alvarleg staða Reykjavíkurlflugvallar á dagskrá fundarins með afbrigðum. Samþykkt með níu atkvæðum.

Dagskrá:

1. Byggðarráð Skagafjarðar - 129 - 2501007F

Fundargerð 129. fundar byggðarráðs frá 15. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

1.1 2308167 - Lóðarleigusamningar á Nöfum

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Lóðarleigusamningar á Nöfum, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

1.2 2409299 - Húsnæðisáætlun 2025 - Skagafjörður

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Húsnæðisáætlun 2025 - Skagafjörður, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

1.3 2412136 - Unglingalandsmót 2026 - beiðni um samningaviðræður

Afgreiðsla 129. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

1.4 2501116 - Þjónusta við íbúa á Hólum

Afgreiðsla 129. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

1.5 2501126 - Grenndarkynning Ártorg 4

Afgreiðsla 129. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

1.6 2406131 - Umgengni um gámageymslusvæði

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Umgengni um gámageymslusvæði, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

- 1.7 2501033 - Ósk um leigu á Hrauni í Unadal
Afgreiðsla 129. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 1.8 2501038 - Fundargerð sameiginlegs fundar Samtaka orkusveitarfélaga og sveitarfélaga á köldum svæðum
Afgreiðsla 129. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

2. Byggðarráð Skagafjarðar - 130 - 2501020F

Fundargerð 130. fundar byggðarráðs frá 22. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 2.1 2501194 - Strenglögn Gönguskörð og Reykjaströnd í Skagafirði 2025
Afgreiðsla 130. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 2.2 2501136 - Grenndarkynning - Sjóvörn á Hofsósi, Þangstaðir
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir vék af fundinum við afgreiðslu þessa máls.
Afgreiðsla 130. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.
- 2.3 2409226 - Leiga og sala hólfa við Hofsós
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir vék af fundinum við afgreiðslu þessa máls.
Afgreiðsla 130. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.
- 2.4 2501208 - Styrkbeiðni vegna fasteignaskatts
Afgreiðsla 130. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 2.5 2404050 - Reglur Skagafjarðar um hæfingu og dagþjónustu
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Reglur Skagafjarðar um hæfingu og dagþjónustu, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

3. Byggðarráð Skagafjarðar - 131 - 2501026F

Fundargerð 131. fundar byggðarráðs frá 29. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 3.1 2406128 - Rekstrarsamningur við skíðadeild 2024
Guðlaugur Skúlason vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.
Afgreiðsla 131. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.
- 3.2 2411194 - Viljayfirlýsing um uppbyggingu á leiguíbúðum í Skagafirði
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Viljayfirlýsing um uppbyggingu á leiguíbúðum í Skagafirði, síðar á dagskrá fundarins.

Samþykkt samhljóða.

- 3.3 2501192 - Álag á gjald skólabílstjóra á vistvænum bifreiðum

Álfhildur Leifsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Afgreiðsla 131. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.

- 3.4 2501309 - Endurhönnun á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó

Afgreiðsla 131. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir gerir að tillögu að bókun fundar verði gerð að bókun sveitarstjórnar. Tillagan er samþykkt með níu atkvæðum.

Bókun sveitarstjórnar er þá svohljóðandi:

Fyrir liggur að Vegagerðin hefur ákveðið að endurhanna leiðarkerfi landsbyggðarstrætó. Nokkrar breytingar eru á teikniborðinu en ákveðið hefur verið að leið 57 muni framvegis fara eina ferð á dag í stað tveggja eins og nú er. Eins hefur hugmyndum um nýja akstursleið sem tengir Hvammstanga, Blönduós og Sauðárkrók ekki hlotið fjármögnun og því verður ekki unnið áfram með þá útfærslu eins og að var stefnt. Sveitarstjórn Skagafjarðar mótmælir harðlega fyrirætluðum niðurskurði í almenningsamgöngum milli Akureyrar og Reykjavíkur og harnar að ekki hafi verið horft á hugmyndir íbúa Norðurlands vestra um almenningsamgöngur milli þéttbýlisstaða í landshlutanum. Sveitarstjórn Skagafjarðar skorar á innviðaráðherra að taka málið til skoðunar með það í huga að íbúar Norðurlands vestra sitji við sama borð þegar kemur að almenningsamgöngum og aðrir landsmenn. Ekki síst þarf að horfa til þess að almenningsamgöngur eru sérstaklega mikilvægar fyrir eina framhaldsskólann á Norðurlandi vestra ásamt tómtunda- og íþróttastarfi. Er þessi ákvörðun í hróplegu ósamræmi við 3. grein stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins þar sem segir að auka eigi fjárfestingar í samgöngum um land allt.

- 3.5 2410278 - Verkfall leikskólakennara og gjaldtaka

Afgreiðsla 131. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 3.6 2501189 - Erindisbréf fastanefnda 2025

Afgreiðsla 131. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

4. Byggðarráð Skagafjarðar - 132 - 2502001F

Fundargerð 132. fundar byggðarráðs frá 6. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Álfhildur Leifsdóttir, Einar E. Einarsson og Sveinn Þ. Finster Úlfarsson kvöddu sér hljóðs.

- 4.1 2502042 - Fjölgun stöðugilda í rannsóknadeild LNV

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.2 2502052 - Háholt

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.3 2501192 - Álag á gjald skólabílstjóra á vistvænum bifreiðum

Álfhildur Leifsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.

- 4.4 2410310 - Skólahúsnæðið að Sólgörðum í Fljótum

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.5 2501327 - Miðstöð slysavarna barna styrkbeiðni

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.6 2501332 - Staða fatlaðra barna í fyrirhuguðu verkfalli Kennarasambands Íslands

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.7 2502040 - Samráð; Frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum nr. 81 2004 (forkaupsréttur sameigenda o.fl.)

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 4.8 2412019 - Kvörtun vegna stjórnarsýslu Skagafjarðar

Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir fulltrúar VG og óháðra óska bókað:

"Það er sérstök stjórnarsýsla hjá meirihluta sem í sínum samstarfssáttmála segist vilja auka gagnsæi í stjórnarsýslunni, að þola ekki að áheyrnafulltrúi kalli eftir upplýsingum um verklag í aðdraganda verkfalls Ársala á fundi byggðarráðs þann 30. október. Verklag sem vakti í þessu tilfelli landsathygli, enda fjallað um það í fjölmiðlum að til stæði að sveitarfélagið stæði að verkfallsbrotum.

Engin formleg ákvarðanataka var til umfjöllunar, heldur var um að ræða almennar upplýsingar um framkvæmd sveitarfélagsins á tímum verkfalls. Það er grundvallaratriði í lýðræðislegu stjórnarsýsluferfi að kjörnir fulltrúar geti lagt fram fyrirspurnir án þess að þeim sé meinað að taka þátt í umræðum um stjórnarsýslu sem þeir höfðu enga aðkomu að, vegna ásakana um hagsmunaárekstra.

Við teljum að þessi afgreiðsla byggðarráðs feli í sér óþarfa takmörkun á starfsskilyrðum kjörinna fulltrúa og grafi undan gagnsæi og lýðræðislegri umræðu innan sveitarstjórnar. Slík vinnubrögð geta skapað hættulegt fordæmi sem dregur úr trausti almennings á störfum sveitarfélaga.

Það að Innviðaráðuneytið hafi vísað kærinni frá er til marks um úrræðaleysi ráðuneytisins í atburðarás sem reyndar er svo fjaránleg að ekki er gert ráð fyrir henni í sveitarstjórnarlögum. Þetta þýðir í raun að meirihluti getur kosið kjörinn fulltrúa minnihluta út af fundi þegar það hentar ekki umræðunni að hafa viðkomandi viðstaddan. Það hlýtur að teljast vafasamt lýðræði."

Hlé gert á fundi klukkan 16.29.

Fundi haldið áfram 17.14.

*Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Byggðalisti óska bókað:
"Fulltrúar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Byggðalista vilja benda á að ástæða þess að Álfrildi Leifsdóttur var vísað af fundi Byggðarráðs og sveitarstjórnar er sú að hún er formaður Kennarasambands Norðurlands vestra sem hefur það hlutverk að vera málssvari félagsmanna og fara með hagsmuni félaganna í þeirra samskiptum við skóla og vinnuveitendur og koma að gerð vinnustaðasamninga í samráði við stjórn Félags grunnskólakennara sem er aðildarfélag Kennarasambands Íslands.
Innviðaráðuneytið hefur nú þegar úrskurðað um þetta mál og réttmæti þess að Álfrildi var vísað af fundinum undir þessum lið. Niðurstaða ráðuneytisins var skýr, hún var og er vanhæf stöðu sinnar vegna til að taka þátt í umræðu um málefni tengd kjaradeilu kennara við sveitarfélögin. Ákvörðunin var tekinn í samræmi við 7 mgr. 20 gr. Sveitarstjórnarlaga. Það var því edlileg stjórnsýsla að viðkomandi fulltrúi viki af fundi þegar um augljósa hagsmuni er að ræða.*

Það eru alvarlegar ásanir þegar kjörinn fulltrúi sakar aðra kjörna fulltrúa um að þeir ætli sér að kjósa aðra kjörna fulltrúa út af fundi, þegar það hentar ekki umræðunni og til að forðast gagnsæi í stjórnsýslu. Málið snýst í öllum tilfellum um tengsl viðkomandi við þau mál sem eru á dagskrá og heiðarleika í störfum kjörinna fulltrúa."

Afgreiðsla 132. fundar byggðarráðs staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

5. Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 31 - 2502006F

Fundargerð 31. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar frá 7. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 5.1 2412215 - Upplýsingamiðstöð Varmahlíð - samningur 2025
Afgreiðsla 31. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 5.2 2412214 - Upplýsingamiðstöð Varmahlíð - samningur 2024
Afgreiðsla 31. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 5.3 2502003 - Byggðakvóti 2024-2025
Afgreiðsla 31. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 5.4 2501274 - Úthlutun byggðakvóta 2024-2025
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Úthlutun byggðakvóta 2024-2025, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 5.5 1905104 - Erindisbréf AMK nefnd
Afgreiðsla 31. fundar atvinnu- menningar- og kynningarnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

6. Félagsmála- og tómstundanefnd - 30 - 2501005F

Fundargerð 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar frá 6. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 6.1 2501377 - Breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð
Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 6.2 2412001 - Fristundaakstur
Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 6.3 2501260 - Fyrirspurn varðandi heimsendan mat
*VG og óháð ásamt byggðalista ítreka bókun sína, svohljóðandi:
"VG og Óháð ásamt Byggðalista hafa lagt mikla áherslu á að Skagafjörður sinni matarþjónustu fyrir alla eldri borgara í Skagafirði en ekki einungis þeim eldri borgurum sem búa á Saudárkóki. Þetta er lögbundin grunnþjónusta sveitarfélaga. Félagsmála- og tómstundanefnd samþykkti á fundi sínum þann 1.des.2022. að beita sér fyrir samráðsferli og lausnarmiðudum útfærslum með það að markmiði að þjónustan hæfist eigi síðar en í ágústmánuði 2023 þar sem allir eldri borgarar í Skagafirði hefðu þá kost á því að fá keyptan heitan mat með forgöngu sveitarfélagsins. VG og Óháð ásamt Byggðalista óskuðu eftir því að fá upplýsingar í febrúar 2024 um hvar sveitarfélagið væri stutt í þeirri framkvæmdaáætlun, þá var enn óleyst hvernig akstri matarbakka yrði háttað. Nefndin fól starfsmönnum að skoða hvaða möguleikar væru í boði og kostnaðarmeta þann hluta. Gríðarlega mikil og góð undirbúningsvinna hefur farið fram og mikilvægt að koma þessari grunnþjónustu í framkvæmd. Því miður hefur samþykkt tímaáætlun nefndar til framkvæmdar ekki staðist og því leggja VG og Óháð ásamt Byggðalista fram tillögu þess efnis að kappkostað verði að matarþjónusta fyrir alla eldri borgara í Skagafirði verði forgangsverkefni nefndar og starfsmanna nefndar og að framkvæmd hefjist í apríl 2025."*

Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ítrekar bókun sína, svohljóðandi:

"Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafnar tillögu minnihluta Vg og óháðra ásamt Byggðalista eins og hún er lögð fram og leggur til að málið verði tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar í mars. Meirihluti tekur fram að málið er mikilvægt til að jafna búsetu eldri borgara í sveitarfélaginu og biður starfsmenn nefndarinnar að taka saman minnisblað um það sem unnið hefur verið í málinu hingað til. Starfsmenn hafa lagt gríðarlega mikla vinnu í málið og þakkar meirihlutinn þeim fyrir það en því miður hefur nefndin ekki fundið farsæla lausn í málinu. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi nefndarinnar þar sem áfram verður leitað allra leiða til að finna ásættanlega lausn."

VG og óháð ásamt byggðalista ítreka bókun sína, svohljóðandi:

"VG og Óháð ásamt Byggðalista harma að tillaga okkar hafi verið felld um að gera matarþjónustu fyrir eldri borgara í Skagafirði að forgangsverkefni. Sérstaklega í ljósi þess hversu langt er liðið að ákvörðun nefndarinnar lá fyrir.

Við minnum á að Félagsmála- og tómstundanefnd samþykkti á fundi sínum 1. desember 2022 að hefja samráðsferli og vinna að lausnarmiðaðri útfærslu með það að markmiði að þjónustan hæfist eigi síðar en í ágúst 2023. Þrátt

fyrir umfangsmikla undirbúningsvinnu og tillögu okkar um að hefja framkvæmd í apríl 2025 hefur verið brugðist við með höfnun, án þess að raunhæf tímasett áætlun liggja fyrir.

Þetta er grunngildi velferðarsamfélagsins að tryggja eldri borgurum sanngjörn og jöfn lífskjör óháð búsetu. Höfnun tillögunnar felur í sér áframhaldandi mismunun þar sem eldri borgarar í dreifðum byggðum Skagaffjarðar njóta ekki sömu þjónustu og íbúar Sauðárkróks.

Við ítrekum mikilvægi þess að sveitarfélagið standi við ábyrgð sína í þessu máli og komi þjónustunni í framkvæmd hið fyrsta. Við munum áfram beita okkur fyrir því að allir eldri borgarar í Skagafirði gefist kostur á að fá keyptan mat með stuðningi sveitarfélagsins og þar með stuðla að jafnari búsetuskilyrðum fyrir eldri borgara Skagaffjarðar. Þetta er ekki spurning um lausnir heldur forgangsröðun og pólitískan vilja."

Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 6.4 2404243 - Öruggara Norðurland vestra

Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 6.5 2501189 - Erindisbréf fastanefnda 2025

Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 6.6 2107015 - Fagrað - fjallað um og veitt ráðgjöf um einstök mál

Afgreiðsla 30. fundar félagsmála- og tómstundanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

7. Fræðslunefnd - 35 - 2501004F

Fundargerð 35. fundar fræðslunefndar frá 23. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 7.1 2304014 - Framkvæmdir við skólamannvirki í Skagafirði

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.2 2410148 - Frumkvöðlar framtíðarinnar

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.3 2404243 - Öruggara Norðurland vestra

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.4 2411070 - Fundargerðir skólaráðs Varmahlíðarskóla 2024-25

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.5 2501010 - Samráð; Aðalnámskrá tónlistarskóla - almennur hluti

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.6 2501189 - Erindisbréf fastanefnda 2025

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 7.7 2501188 - Stöðumat eftir breytingu á gjaldskrá

Afgreiðsla 35. fundar fræðslunefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

8. Landbúnaðar- og innviðanefnd - 19 - 2501021F

Fundargerð 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar frá 23. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 8.1 2311146 - Fyrirkomulag gjaldskráar vegna dýrahraja

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 8.2 2410165 - Oliutankur á suðurbryggju

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 8.3 2412109 - Haukur Ingvi ósk um refaveiðisamning

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 8.4 2310173 - Sorpþjónusta í Skagafirði

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 8.5 2501071 - Ársreikningur Fjallskilasjóður Hrolleifsdals 2023

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 8.6 2501135 - Aðalfundur veiðifélagsins Kolka

Afgreiðsla 19. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

9. Landbúnaðar- og innviðanefnd - 20 - 2502004F

Fundargerð 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar frá 6. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 9.1 2502032 - Snjómokstur Sólgörðum

Afgreiðsla 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 9.2 2411166 - Samþykkt um hunda og kattahald

Afgreiðsla 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 9.3 2208328 - Hitaveita í Skagafirði - langtímaáætlun

Afgreiðsla 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 9.4 2501428 - Fuglaflensa í ref

Afgreiðsla 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 9.4 2501430 - Beiðni um samning um vetrarveiði á ref

Afgreiðsla 20. fundar landbúnaðar- og innviðanefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

10. Skipulagsnefnd - 66 - 2501022F

Fundargerð 66. fundar skipulagsnefndar frá 23. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 10.1 2404001 - Endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar 2025-2040

Afgreiðsla 66. fundar skipulagsnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 10.2 2501198 - Borgarteigur 15, L143237 - Deiliskipulag

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Borgarteigur 15, L143237 - Deiliskipulag, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

- 10.3 2404003 - Mjólkursamlagsreitur breyting á deiliskipulagi - Skagfirðingabraut 51 - Deiliskipulag

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Mjólkursamlagsreitur breyting á deiliskipulagi - Skagfirðingabraut 51 - Deiliskipulag, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

- 10.4 2501209 - Lækjarbakki 6 - Umsókn um lóð

Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir vísar af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Afgreiðsla 66. fundar skipulagsnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með átta atkvæðum.

- 10.5 2408225 - Sætún 12, Hofsósi - Umsókn um lóð

Afgreiðsla 66. fundar skipulagsnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 10.6 2501242 - Steinn á Reykjaströnd L145959 - Ósk um mat Veðurstofu Íslands

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Steinn á Reykjaströnd L145959 - Ósk um mat Veðurstofu Íslands, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.

- 10.7 2501017F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 55

Afgreiðsla 66. fundar skipulagsnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

11. Skipulagsnefnd - 67 - 2502005F

Fundargerð 67. fundar skipulagsnefndar frá 6. febrúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

- 11.1 2406263 - Aðalskipulagsbreyting - Deplar í Fljótum - VB-2 og FV-1

Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Deplar í Fljótum, síðar á dagskrá fundarins.

Samþykkt samhljóða.

- 11.2 2406140 - Aðalskipulagsbreyting - Litla-Gröf 2 - E-48
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Litla-Gröf 2, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.3 2406117 - Aðalskipulagsbreyting - Athafnarsvæði Stóru-Brekku - AT-2
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Athafnarsvæði Stóru-Brekku, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.4 2406118 - Aðalskipulagsbreyting - Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 á Sauðárkróki við Gönguskarðsá
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 á Sauðárkróki við Gönguskarðsá, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.5 2406120 - Aðalskipulagsbreyting - Íbúðarbyggð ÍB-404
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Íbúðarbyggð ÍB-404, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.6 2406122 - Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Gýgjarhóll, Gýgjarhóll 1 og Gýgjarhóll 2 - SL8 - VÞ-14 - VÞ-15 - VÞ-16
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Gýgjarhóll, Gýgjarhóll 1 og Gýgjarhóll 2, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.7 2406123 - Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Haganesi - VÞ-12 - VÞ-13
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Haganesi, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.8 2406124 - Aðalskipulagsbreyting - Hofsstadir - VÞ-8
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Aðalskipulagsbreyting - Hofsstadir, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.9 2402256 - Hofsstadir - Sveitasetrið Hofsstadir - Deiliskipulag
Afgreiðsla 67. fundar skipulagnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 11.10 2405682 - Tumabrekka land 2 L220570 - Deiliskipulag
Afgreiðsla 67. fundar skipulagnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 11.11 2403135 - Athafnarsvæði - Sauðárkrókur - AT-403 - Deiliskipulag
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Athafnarsvæði - Sauðárkrókur - AT-403 - Deiliskipulag, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.12 2407101 - Hofsó - Skólagata - Túngata - Deiliskipulag
Afgreiðsla 67. fundar skipulagnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12.

febrúar 2025 með níu atkvæðum.

- 11.13 2502034 - Garður L146375 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Garður L146375 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.14 2502036 - Stóra-Seyla L146071 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Stóra-Seyla L146071 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.15 2502064 - Umsókn um lóð undir hleðsluinnviði í Varmahlíð
Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Umsókn um lóð undir hleðsluinnviði í Varmahlíð, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.
- 11.16 2501025F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 56
Afgreiðsla 67. fundar skipulagnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.
- 11.17 2501034F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 57
Afgreiðsla 67. fundar skipulagnefndar staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

12. Byggingarnefnd menningarhúss á Sauðárkróki - 3 - 2501008F

Fundargerð 3. fundar byggingarnefndar menningarhúss á Sauðárkróki frá 22. janúar 2025 lögð fram til afgreiðslu á 35. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Einar E. Einarsson kynnti fundargerð. Jóhanna Ey Harðardóttir kvaddi sér hljóðs.

- 12.1 2410069 - Forvalsgögn vegna menningarhúss

Jóhanna Ey Harðardóttir og Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Byggðalista óska bókað:

"Ötul vinna hefur farið fram í byggingarnefnd menningarhúss á Sauðárkróki og mikið kapp er lagt á að sú vinna standist tímaramma samnings sem undirritaður var við Lilju Dögg Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, vorið 2023.

Ekki mega þó aðrar grunnstoðir sveitarfélagsins bíða átektu meðan undirbúningur og vinna við byggingu nýs menningarhúss og endurbætur á núverandi safnahúsi stendur yfir og óskum við eftir að meirihluti sveitarstjórnar setji meiri þunga í framkvæmdir við grunnskóla og nýtt íþróttahús á Hofsósi og taki einnig á skarið með framkvæmdir við leikskóla hér á Sauðárkróki."

Afgreiðsla 3. fundar byggingarnefndar menningarhúss á Sauðárkróki staðfest á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025 með níu atkvæðum.

13. Alvarleg staða Reykjavíkurflogvallar - 2502103

Sveitarstjórn Skagafjarðar mótmælir harðlega því aðgerðarleysi sem átt hefur sér stað hjá Reykjavíkurborg með þeim afleiðingum að búið er að loka austur/vestur flugbraut Reykjavíkurflogvallar. Höfuðborg Íslands gegnir margvíslegu þjónustuhlutverki fyrir landið allt. Þar er m.a. að finna Landspítalann, stærsta og fullkomnasta spítala á

landinu sem gegnir gríðarlegu öryggishlutverki fyrir alla landsmenn. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi tryggs öryggis að þjónustu spítalans og þar skiptir miklu máli að sjúkraflugi eigi óheft aðgengi að vellinum og að rekstraröryggi flugbrautanna sé tafarlaust tryggt.

Hátt í 650 sjúklingar eru fluttir á ári hverju til Reykjavíkur með sjúkraflugvélum af landsbyggðinni. Í um 45% tilfella eru það sjúklingar sem þurfa að komast í bráðaðþjónustu og tímaháð inngríp. Austur/vestur flugbrautin er notuð í um 25% af öllum hreyfingum á Reykjavíkurflugvelli og lokun brautarinnar hefur því áhrif á um 160 flug á ári eða um 70 sjúklinga í hæstu forgangsflokkum miðað við fjölda sjúklinga á síðasta ári. Þá gegnir Reykjavíkurflugvöllur einnig lykilhlutverki í sjúkraflugi til og frá landinu þegar einstaklingar þurfa að komast í bráðaaðgerðir sem ekki er hægt að sinna hérlendis.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir samhljóða að skora á Reykjavíkurborg að grípa nú þegar til tafarlausra aðgerða og tryggja fellingar þeirra trjáa sem nauðsynlegt er að fella til að opna megi varanlega austur/vestur flugbraut Reykjavíkurflugvallar. Verði það ekki raunin gerir sveitarstjórn þá kröfu að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ríkisstjórn Íslands nýti allar þær heimildir sem unnt er til að tryggja óraskaða starfsemi sjúkraflugs á Íslandi. Minnt er á að í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Kristrúnar Frostadóttur er tilgreint að áhersla verði lögð á jafnt aðgangi að heilbrigðisþjónustu og annarri opinberri þjónustu, óháð búsetu. Í þessu máli eru mannslíf í húfi og ekki rými til tafa eða ábyrgðarleysis.

14. Ósk um lausn frá nefndarstörfum í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 2502041

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 4. febrúar sl. frá Eyrúnu Sævarsdóttur fulltrúi B-lista Framsóknar í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd þar sem hún biðst lausnar úr embætti varaformanns nefndarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, að veita Eyrúnu lausn úr embætti.

15. Endurtilnefning í atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 2502120

Tilnefna þarf varaformann atvinnu-, menningar- og kynningarmálanefnd í stað Eyrúnar Sævarsdóttur.

Forseti gerir tillögu um Hrefnu Jóhannesdóttur í embætti varaformann atvinnu-, menningar- og kynningarmálanefnd í stað Eyrúnar Sævarsdóttur.

Aðrar tilnefningar bárust ekki og skoðast þau því rétt kjörin.

16. Ósk um tímabundið leyfi frá nefndarstörfum í fræðslunefnd - 2502117

Lagt fram erindi frá Kristóferi Má Maronssyni dagsett 10. febrúar sl. þar sem hann óskar eftir tímabundnu leyfi frá störfum sem formaður fræðslunefndar Skagafjarðar í 1 mánuð frá 12. febrúar 2025.

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, að veita Kristóferi umbeðið leyfi.

17. Endurtilnefning í fræðslunefnd - 2502121

Tilnefna þarf að nýju í fræðslunefnd í stað Kristófers Mús Maronssonar á meðan hann fer í leyfi.

Forseti ber upp tillögu um Hrund Pétursdóttur sem formann fræðslunefndar, Sigrínu Evu Helgadóttur sem aðalmanng og Sólborgu Sigurrós Borgarsdóttur sem varamann Sigrúnar Evu.

Aðrar tilnefningar bárust ekki og skoðast þau því rétt kjörin.

18. Könnun á hæfi kjörins fulltrúa - 2502106

Meirihluti sveitarstjórnar leggur til aðflað verði álitssiðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á því hvort formaður fræðslunefndar, Kristófer Mús Maronsson, hafi brotið gegn siðareglum kjörinna fulltrúa í Skagafirði og hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Með hliðsjón af þeirri alvarlegu gagnrýni sem komið hefur fram á formann fræðslunefndar vegna þátttöku hans í stefnu hóps foreldra gegn KÍ um hugsanlega misbeitingu verkfallsréttar, þá teljum við nauðsynlegt að fá fram mat óháðra aðila á stöðu formannsins.

Sveinn Þ. Finster Úlfarsson kvaddi sér hljóðs.

Tillaga meirihluta borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

19. Lóðarleigusamningar á Nöfum - 2308167

Vísað frá 129. fundi byggðarráðs frá 15. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Undir þessum dagskrárlið mætti Arnór Hafstað lögmaður til fundarins í gegnum fjarfundarþúnað. Arnór lagði fram drög að lóðaleigusamningum vegna ræktunarlanda á Nöfunum. Byggðarráð samþykkir samhljóða drög að lóðarleigusamningi með áorðnum breytingum og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum, framlögð drög að lóðarleigusamningi.

20. Húsnæðisáætlun 2025 - Skagafjörður - 2409299

Vísað frá 129. fundi byggðarráðs frá 15. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Undir þessum dagskrárlið mætti Heba Guðmundsdóttir verkefnastjóri til fundarins.

Heba kynnti Húsnæðisáætlun fyrir Skagafjörð fyrir árið 2025.

Byggðarráð samþykkir samhljóða að vísa áætluninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.“

Húsnæðisáætlun fyrir Skagafjörð fyrir árið 2025 borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

21. Umgengni um gámageymslusvæði - 2406131

Vísað frá 129. fundi byggðarráðs frá 15. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Máli vísað frá 18. fundi landbúnaðar- og innviðanefndar þann 9. janúar sl., þannig bókað:

"Umgengni um útleigð gámageymslusvæði sveitarfélagsins á Sauðárkróki og Hofsósi hefur verið verulega ábótavant. Hafa þeir aðilar sem vel hafa gengið um, liðið fyrir sóðaskap þeirra sem frjálst hafa gengið um. Í nokkurn tíma hefur horft til vandræða þar sem ekki er lengur pláss fyrir viðbótar leigugáma vegna ýmissa véla, bíla og búnaðar sem safnast hefur upp. Í ljósi þessa hafa nú verið markaðar reglur og uppfærð gjaldskrá fyrir árið 2025.

Landbúnaðar- og innviðanefnd samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá og reglur fyrir geymslusvæði á vegum sveitarfélagsins Skagafjarðar, með áorðnum breytingum og vísar til afgreiðslu byggðarráðs."

Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá og reglur um geymslusvæði á vegum Skagafjarðar og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar."

Álfhildur Leifsdóttir og Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir kvöddu sér hljóðs.

Gjaldskrá og reglur um geymslusvæði á vegum Skagafjarðar bornar upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktar með níu atkvæðum.

22. Reglur Skagafjarðar um hæfingu og dagþjónustu - 2404050

Vísað frá 130. fundi byggðarráðs frá 22. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Máli vísað frá 29. fundi félagsmála- og tómstundanefndar frá 17. desember sl., þannig bókað:

"Fyrir fundinum lágu reglur Skagafjarðar um hæfingu og dagþjónustu, reglurnar grundvallast á 24. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Reglurnar eru einnig háðar samþykki sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Aðildarsveitarfélögin hafa samþykkt reglurnar fyrir sitt leyti. Félagsmála- og tómstundanefnd samþykkir reglurnar samhljóða fyrir sitt leyti og vísar þeim til afgreiðslu byggðarráðs."

Byggðarráð samþykkir samhljóða fyrirlagðar reglur Skagafjarðar um dagþjónustu, hæfingu og aðstoð vegna fatlaðs fólks og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar."

Framlagðar reglur bornar upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktar með níu atkvæðum.

23. Viljayfirlýsing um uppbyggingu á leiguíbúðum í Skagafirði - 2411194

Vísað frá 131. fundi byggðarráðs frá 29. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Löggð fram viljayfirlýsing sem Skagafjörður og Leigufélagið Briet gera með sér um uppbyggingu leiguíbúða í sveitarfélaginu Skagafirði. Með yfirlýsingunni lýsir Leigufélagið Briet sig reiðubúið til að byggja fjórar eignir í Skagafirði fyrir lok desember 2025 og Skagafjörður mun á móti tryggja aðgengi að gjaldfrjálsum, hagkvæmum lóðum vegna þeirrar íbúðauppbyggingar. Náist ekki samningar eða hugmyndin verður ekki að veruleika fyrir lok árs 2026 falla allar skuldbindingar ofangreindra aðila niður.

Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagða viljayfirlýsingu og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar."

Viljayfirlýsin borin upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

24. Úthlutun byggðakvóta 2024-2025 - 2501274

*Vísað frá 31. fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar frá 7. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:
"Tekið fyrir erindi frá Matvælaráðuneytinu, dagsett 22. janúar 2025, vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2024/2025.*

Úthlutaður byggðakvóti til sveitarfélagsins Skagafjarðar er 145 tonn sem skiptast þannig: Hofsóss 15 tonn, Sauðárkrókur 130 tonn. Eftirstöðvar frá fyrra fiskveiði ári fyrir Hofsóss er 7,2 tonn sem bætist við þau 15 tonn sem úthlutað er. Ráðuneytið óskar eftir rökstuddum tillögum varðandi sérreglur um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga. Tillögum skal skilað fyrir 21. febrúar 2025.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd samþykkir samhljóða að leggja til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 819/2024 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025 í sveitarfélaginu Skagafirði:

1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr málsl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 24 þorskígildistonn á skip."

2. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: „Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024

3. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem er landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "

4. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025."

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd felur starfsmönnum nefndarinnar að senda inn ofangreindar tillögur ásamt rökstuðningi til samþykktar sveitarstjórnar."

Tillögur atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar að breytingum á reglugerð nr. 819/2024 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025 í sveitarfélaginu Skagafirði bornar upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktar með níu atkvæðum.

25. Borgarteigur 15, L143237 - Deiliskipulag - 2501198

Vísað frá 66. fundi skipulagsnefndar frá 23. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Hjörvar Halldórsson sviðsstjóri, f.h. Skagafjarðarveitna - hitaveitu, þinglýsts lóðarhafa Borgarteigs 15, landnr. 143237, óskar eftir heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina á kostnað framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á lóðinni er starfsemi Skagafjarðarveitna og áhaldahúss sveitarfélagsins Skagafjarðar. Starfsemin hefur verið á þessari lóð í áratugi og stendur húsið nánast óbreytt frá árinu 1978. Starfsemin hefur þó þróast á þessum tíma og uppbygging orðin aðkallandi. Helstu markmið skipulagsins eru að skapa forsendur fyrir lóðarhafa til uppbyggingar fyrir núverandi starfsemi með því að skilgreina lóðamörk, byggingarreiti og skipulag- og byggingarskilmála.

Skipulagssvæðið afmarkast af Borgarteig að austan, gangstétt meðfram Borgarflöt að norðan, línu 2,7 m vestan lóðamarka að vestan og lóðamörkum að sunnan. Innan skipulagssvæðis er lóðin Borgarteigur spennistöð og var haft samráð við lóðarhafa þeirrar lóðar á vinnslustigi skipulags. Aðliggjandi lóðir, utan skipulagssvæðis, eru Borgarteigur 9 og 9B að sunnanverðu. Stærð skipulagssvæðis er 8.211 m².

Skipulagssvæðið er á athafnasvæði nr. AT403, í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035. Helstu meginforsendur liggja fyrir í aðalskipulagi, s.s. varðandi frágang lóða og ásýnd svæða, og því er óskað eftir því að falla frá gerð og auglýsingu skipulagslýsingar, sbr. ákvæði 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Framkvæmdir í tengslum við deiliskipulagstillöguna falla ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þó verður unnið mat á líklegum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á valda umhverfisþætti skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Að fenginni heimild, til að láta vinna deiliskipulag skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er lögð fram meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagi fyrir Borgarteig 15, greinargerð og skipulagsuppdráttur nr. DS01, í verki 56293303, dags. 22.11.2024, ásamt stafrænu skipulagi, unnin hjá Stoð verkfræðistofu ehf. Óskað er eftir því, að fengnu samþykki skipulagsnefndar og sveitarstjórnar, að tillagan hljóti meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að heimila Skagafjarðarveitum - hitaveitu að láta vinna deiliskipulag á eigin kostnað og fellst á að helstu meginforsendur liggi fyrir í aðalskipulagi og heimilar að fallið verði frá gerð og auglýsingu skipulagslýsingar, sbr. ákvæði 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Skipulagsnefnd samþykkir einnig samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að auglýsa deiliskipulagstillöguna fyrir Borgarteig 15 á Sauðárkróki í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum að auglýsa deiliskipulagstillöguna fyrir Borgarteig 15 á Sauðárkróki í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

26. **Mjólkursamlagsreitur breyting á deiliskipulagi - Skagfirðingabraut 51 - Deiliskipulag - 2404003**

Vísað frá 66. fundi skipulagsnefndar frá 23. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Málið áður á dagskrá skipulagsnefndar þann 16.10.2024 þá bókað:

“Þann 04.04.2024 tók skipulagsnefnd fyrir umsókn lóðarhafa Skagfirðingabrautar 51 og Ártorgs 1 um heimild til að láta vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi mjólkursamlagsreitsins, einkum á lóð Skagfirðingabrautar 51, á kostnað framkvæmdaraðila skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu og óskaði eftir fundi með forsvarsmönnum Kaupfélags Skagfirðinga vegna málsins. Sá fundur hefur átt sér stað og í framhaldinu er lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Mjólkursamlagsreitsins á Sauðárkróki, dags. 10.10.2024,

uppdráttur nr. DS01, verknúmer 5629301 unnin á Stoð ehf. verkfræðistofu. Breytingar á uppdrætti eru að byggingarreitur á Skagfirðingabraut 51 er stækkaður til vesturs um 387 m². Málsetningum bætt við og skilmálum um stærð byggingarreits breytt úr 9.486 m² í 9.873 m². Þá er grunnflötur bygginga sýndur eins og hann er í dag. Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að óska eftir greiningu á sjónsviði og umferðaröryggi við gatnamót Skagfirðingabrautar, Hegrabrautar og Sæmundarhliðar norðvestan við Mjólkursamlagsreitinn með tilliti til stækkun byggingarreits Skagfirðingabrautar 51 til vesturs."

Fyrir liggur minnisblað "Umferðarráðgjöf Hegrabraut-Skagfirðingabraut-Sæmundarhlið" unnið af Eflu verkfræðistofu dags. 09.01.2025 þar sem m.a. kemur fram að fyrirhuguð stækkun byggingum Mjólkursamlagsins hafa ekki áhrif á umferðaröryggi miðað við núverandi útfærslu á gatnamótunum. Hægt er að breyta gatnamótunum í hringtorg fyrir 5.000-20.000 ökutæki/sólarhring án þess að þurfa fara inn á lóð Mjólkursamlagsins og fyrirhugaðar stækkanir á byggingu hefur ekki áhrif á umferðaröryggi við gatnamótin með hringtorgi. Fyrirhugaðar stækkun Mjólkursamlagsins mun jafnframt ekki hafa áhrif á framtíðarmöguleika á hjólaleið meðfram Skagfirðingabraut.

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi dags. 10.10.2024 með breytingu dags. 15.01.2025. Breytingar voru gerðar í greinargerð, einkum í undirköflum Umhverfisskýrslu, Heilsa og öryggi og Samantekt þar sem vísað er í minnisblað Eflu verkfræðistofu, dags. 09.1.2025. Annað er óbreytt.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að auglýsa deiliskipulagstillöguna Mjólkursamlagsreitur - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, að auglýsa deiliskipulagstillöguna Mjólkursamlagsreitur - Tillaga að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

27. Steinn á Reykjaströnd L145959 - Ósk um mat Veðurstofu Íslands - 2501242

Vísað frá 66. fundi skipulagsnefndar frá 23. janúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Sigfríður Jódís Halldórsdóttir eigandi af Steini á Reykjaströnd landnúmer 145959 óskar eftir mati frá Veðurstofu Íslands hvort að samþykktur byggingarreitur sé á mögulegu ofanflóðahættusvæði.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn leitað verði álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands varðandi áður samþykktan byggingarreit."

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum að fela skipulagsfulltrúa að leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands varðandi áður samþykktan byggingarreit.

28. Aðalskipulagsbreyting - Deplar í Fljótum - VP-2 og FV-1 - 2406263

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarþúnað. Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á

*breytingu á aðalskipulagi fyrir "Deplar í Fljótum, verslun og þjónusta (VP-2) og lendarstaður (FV-1)" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 878/2024, sjá tengil hér:
<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/878> .*

Níu umsagnir bárust, þar af fjórar sem gáfu tilefni til minniháttar breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. "

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

29. Aðalskipulagsbreyting - Litla-Gröf 2 - E-48 - 2406140

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

*Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Litla-Gröf 2, efnistöku- og efnislosunarsvæði E-48" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 877/2024, sjá tengil hér:
<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/877> .*

Sex umsagnir bárust, sem gefa ekki tilefni til breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. "

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

30. Aðalskipulagsbreyting - Athafnarsvæði Stóru-Brekku - AT-2 - 2406117

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Athafnarsvæði Stóru-Brekku, Skagafirði" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 818/2024, sjá tengil hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/818> .

Sex umsagnir bárust, sem gefa ekki tilefni til breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. "

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.

123/2010.

31. Aðalskipulagsbreyting - Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 á Sauðárkróki við Gönguskarðsá - 2406118

Visað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Efnistöku- og efnislosunarsvæði E-401 á Sauðárkróki" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 817/2024, sjá tengil hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/817>.

Fimm umsagnir bárust, sem gefa ekki tilefni til breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

32. Aðalskipulagsbreyting - Íbúðarbyggð ÍB-404 - 2406120

Visað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Íbúðarbyggð ÍB-404, Sauðárkróki" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 815/2024, sjá tengil hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/815>.

Þrjár umsagnir bárust, þar af tvær sem gáfu tilefni til minniháttar breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

33. Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Gýgjarhóll, Gýgjarhóll 1 og Gýgjarhóll 2 - SL8 - VP-14 - VP-15 - VP-16 - 2406122

Visað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Gýgjarhóll, Gýgjarhóll 1 og Gýgjarhóll 2, Skagafirði" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 813/2024, sjá tengil hér:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/813> .

Sjö umsagnir bárust, þar af þrjár sem gáfu tilefni til minniháttar breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sigurður H. Ingvarsson starfsmaður skipulagsviðs vék af fundi við afgreiðslu erindisins. “

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

34. Aðalskipulagsbreyting - Verslun og þjónusta - Haganesi - VP-12 - VP-13 - 2406123

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Brautarholt-Mýri og Efra-Haganes I (lóð 3), VP-12 og VP-13" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 812/2024, sjá tengil hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/812> .

Sex umsagnir bárust, sem gefa ekki tilefni til breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. “

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

35. Aðalskipulagsbreyting - Hofstaðir - VP-8 - 2406124

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Íris Anna Karlsdóttir og Hlynur Torfi Torfason skipulagsráðgjafar hjá VSÓ sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Farið yfir innsendar umsagnir við kynningu tillögu á breytingu á aðalskipulagi fyrir "Hofsstaðir VP-8" sem var í kynningu dagana 11.12.2024- 29.01.2025 í Skipulagsgáttinni mál nr. 811/2024, sjá tengil hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/811> .

Sjö umsagnir bárust, þar af ein sem gaf tilefni til minniháttar breytinga.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. “

Sveitarstjórn samþykkir með níu atkvæðum, ofangreinda aðalskipulagsbreytingingu og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun, sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.

123/2010.

36. Athafnarsvæði - Sauðárkrókur - AT-403 - Deiliskipulag - 2403135

Við frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Ína Björk Ársælsdóttir og Björn Magnús Árnason ráðgjafar frá Stoð ehf. kynntu vinnslutillögu að deiliskipulagi fyrir AT-403 á Sauðárkróki.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að auglýsa vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Athafnarsvæði AT-403 á Sauðárkróki í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum að auglýsa vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Athafnarsvæði AT-403 á Sauðárkróki í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

37. Garður L146375 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits - 2502034

Við frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Sigfríður Sigurjónsdóttir og Jón Sigurjónsson, f.h. Félagsbúsins Garður ehf. þinglýsts eiganda jarðarinnar Garður landnúmer 146375 óska eftir heimild til að stofna 2,5 ha spildu úr landi jarðarinnar, sem "Hái Garður" og 962 m² byggingarreit fyrir íbúðarhús skv. merkjalýsingu í verki nr. 771261001, dags. 24. janúar 2025. Merkjalýsing var unnin á Stoð verkfræðistofu ehf. afínu Björk Ársælsdóttur.

Skýring á landheiti vísar í upprunajörð. Ekki er annað landheiti með þessu heiti í Skagafirði.

Landnotkunarflokkur verði íbúðarhúsalóð (10) í fasteignaskrá. Öll hlunnindi tilheyra áfram Garði lnr. 146375.

Landskipti samræmast aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 og styðja við markmið aðalskipulags um búsetu í dreifbýli.

Landskipti hafa óveruleg áhrif á búrekstrarskilyrði og skerða ekki landbúnaðarsvæði í I. flokki. Engin verndarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi eru innan útskiptrar spildu.

Engin fasteign er á umræddri spildu.

Lögbylarétturinn mun áfram fylgja Garði, landnr. 146375.

Fyrirliggur jákvæð umsögn Minjastofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja umbeðinn landskipti og byggingarreit.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum umbeðin landskipti og byggingarreit.

38. Stóra-Seyla L146071 - Umsókn um stofnun landspildu og byggingarreits - 2502036

Við frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Guðmundur Þór Guðmundsson og Steinunn Fjöla Ólafsdóttir þinglýstir eigendur jarðarinnar Stóra-Seyla, landnúmer 146071 óska eftir heimild til að stofna 6,36 ha spildu úr landi jarðarinnar, sem "Seyla" og 6300 m² byggingarreit fyrir íbúðarhús skv. merkjalýsingu í verki nr. 74130000 út. 17. janúar 2025. Merkjalýsing var unnin á Stoð

verkfræðistofu ehf. afínu Björk Ársælsdóttur.

Skýring á landheiti vísar í upprunajörð. Ekki er annað landheiti með þessu heiti í Skagafirði. Öll hlunnindi tilheyra áfram Stóru-Seylu.

Landskipti samræmast aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 og styðja við markmið aðalskipulags um búsetu í dreifbýli.

Landskipti hafa óveruleg áhrif á búrekstrarskilyrði og skerða ekki landbúnaðarsvæði í I. flokki.

Engin verndarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi eru innan útskiptrar spildu. Engin fasteign er á umræddri spildu.

Lögbylarétturinn mun áfram fylgja Stóru-Seylu, landnr. 146071.

Vegagerðin hefur samþykkt vegtengingu frá Saudárkróksbraut (75).

Fyrirliggur jákvæð umsögn Minjastofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að samþykkja umbeðinn landskipti og byggingarreit.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum umbeðin landskipti og byggingarreit.

39. Umsókn um lóð undir hleðsluinnviði í Varmahlíð - 2502064

Vísað frá 67. fundi skipulagsnefndar frá 6. febrúar sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað:

„Haraldur Sigfús Magnússon fyrir hönd Orku náttúrunnar óskar eftir úthlutun lóðar í Varmahlíð "Varmahlíð hleðslulóð" til uppbyggingar hleðslugarðs fyrir rafbíl, byggt á þeim samtölum sem Orka náttúrunnar hefur átt við sveitafélagið Skagafjörð.

Jafnframt er óskað eftir heimild til að vinna breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir umrædda lóð þar sem breytingarnar myndu felast í eftirfarandi:

- Byggingarreitur á lóð norðan við leikskóla breytist til samræmis við fyrirliggjandi frumhönnun á lóð. Byggingarreiturinn færir aðeins norðar og vestar og innan hans verður heimilt að byggja spennistöð, þjónustuhús og salerni. Byggingarnar verða á einni hæð og felldar inn í brekkuna og skerða því ekki útsýni byggðarinnar fyrir ofan.

- Bætt verður við kvöðum á aðliggjandi lóðum til norðurs og suðurs um aðgengi/gegnumakstur að lóðinni norðan við leikskóla en á gildandi deiliskipulagsupprætti eru sýnd samtengd bilastæði og þar með gegnumakstur en þó er ekki getið um kvöð um gegnumakstur í texta. Með breytingunni verður tryggð aðkoma að umræddri lóð. Það er mat umsækjenda að um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem aðeins er verið að færa byggingarreit lítilla innan lóðar og heimila byggingar á einni hæð innan breytts byggingarreits og auk þess er verið að skerpa á og tryggja aðgengi að lóðinni í gegnum aðliggjandi lóðir.

Skipulagsnefnd samþykkir samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að úthluta Orku náttúrunnar "Varmahlíð hleðslulóð" lóðin norðan við gamla Póst og síma sem í dag hýsir yngri stig leikskólans í Varmahlíð. Skipulagsnefnd samþykkir jafnframt samhljóða að leggja til við sveitarstjórn að heimila Orku náttúrunnar að vinna óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi á eigin kostnað sbr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum að úthluta Orku náttúrunnar "Varmahlíð hleðslulóð", lóðin norðan við gamla Póst og síma sem í dag hýsir yngri stig leikskólans í Varmahlíð.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt með níu atkvæðum að heimila Orku náttúrunnar að

vinna óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi á eigin kostnað sbr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

40. Fundagerðir Samband íslenskra sveitarfélaga 2025 - 2501003

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga númer 961 frá 17. janúar 2025 og númer 962 frá 22. janúar 2025 lagðar fram til kynningar á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025

41. Fundagerðir NNV 2025 - 2501328

Fundargerð frá stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra sem haldinn var 17. janúar 2025 lögð fram til kynningar á 35. fundi sveitarstjórnar þann 12. febrúar 2025

42. Fundagerðir SSNV 2025 - 2501006

Fundargerðir stjórnar SSNV frá 117. fundi frá 21. janúar 2025 og frá 118. fundi frá 4. febrúar 2025 lagðar fram til kynningar á 35. fundi sveitarstjórnar 12. febrúar 2025

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:20.

Einar Eðvald Einarsson

Hrund Pétursdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir

Guðlaugur Skúlason

Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir

Jóhanna Ey Harðardóttir

Sveinn Þ. Finster Úlfarsson

Álfhildur Leifsdóttir

Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

Sigfús Ingi Sigfússon

Baldur Hrafn Björnsson

